



Fundargerð

460. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn þann 22. mars 2021 kl. 15:00. Þetta er 4. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 9 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt beint á youtube. Katrín Gunnarsdóttir D-lista boðar forföll og er Rúnar Þorri Guðnason 3. varamaður D-lista mættur í hennar stað.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Uppgjör vegna 2020 langt komið og verður fyrri umræða um ársreikning í apríl.

23. febrúar fundur vegna endurskoðunar aðalskipulags

25. febrúar verkefnisstjórnarfundur Orkídeu

26. febrúar sameiningarnefndarfundur sv. Suðurlands

3. mars stjórnarfundur Náttúrustofu Suðausturlands

3. mars fundur í samráðsveitvangi sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi Heimsmarkmið SP

5. mars fundur sveitarstjóra, skipulags- og byggingarfulltrúa, ReSource og HÍ vegna lokaskrefa í tilraunaverkefni í úrgangsmálum

16. mars upplýsingafundur með kjörnum fulltrúum vegna Erróseturs

18. mars fundur um svæðisskipulag Suðurlands

19. mars sameiningarnefndarfundur sv. Suðurlands

19. stjórnarfundur Bergrisans bs

Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundargerð 164. fundar skipulagsnefndar dags. 9.03.2021.

2. 1710004 – Virkjun við Hnútu í Hverfisfljóti – Breyting á Ask og Dsk tillaga.

Fram er lögð breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 vegna virkjunar í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi skv. meðfylgjandi uppdætti og greinargerð frá Landmótun.

Jafnframt lögð fram greinargerð og deiliskipulagstillaga sjá meðf. gögn frá Mannvit.

„JHK, JAJ og RÞG samþykkja fyrirbyggjandi tillögur í samræmi við 3. mgr. 30. og 40 gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 31. og 41. gr.

sömu laga. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun aðalskipulagstillöguna til

yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.

KH vísar í fyrri bókun sína frá 162. fundi skipulagsnefndar og hafnar framlögðum

skipulagstillögum. Vill jafnframt benda á að þó að afl virkjunar sé minnkað þá stækkar

framkvæmdasvæðið.

GBP hafnar skipulagstillögunum eins og þær eru fram settar.“

EBH, BG og RÞG staðfesta afgreiðslu JHK, JAJ og RÞG.

AJH og HGÁ taka undir með bókun KH.

Handwritten signatures and initials:
EBH
BG
RÞG
AJH
HGÁ



3. 2010007 – Klausturvegur 4 – Deiliskipulag skólalóðar

„JHK, JAJ, RÞG og GBP leggja fram tillögu að deiliskipulagi fyrir svæðið umhverfis Klausturveg 4. Gert er ráð fyrir leikskóla fyrir allt að 60 börn sem verður samtengdur húsnæði grunnskólans. Einnig er gert ráð fyrir viðbyggingu við grunnskóla sem hýsa mun m.a. raungreinastofur, tónment, tónlistarskóla ofl. Skipulag tengt íþróttamiðstöð og sundlaug er óbreytt.

JHK, JAJ, RÞG og GBP telja að fyrirhugað Erró-setur eigi ekki samleið með grunn- og leikskóla og því ætti að finna annan stað í sveitarfélaginu.

Skipulags og byggingafulltrúa er falið að láta vinna skipulagið áfram,,

„KH telur að Erró-setur eigi heima á lóðinni jafnt og sundlaug og íþróttahús sem eru opin almenningi á skólatíma og hafnar þar með framlagðri tillögu þeirra JHK, JAJ, RÞG og GBP. Vitnar í fyrri tillögur sem skoðaðar hafa verið þar sem ráð var gert fyrir Erró-setri innan lóðar.“

EBH, HGÁ og AJH leggja fram eftirfarandi bókun; Starfshópi á vegum sveitarfélagsins var falið að vinna tillögu að deiliskipulagi umhverfis mannirki á lóðinni að Klausturvegi 4 í samræmi við uppbyggingaráform þekkingarseturs með viðbyggingu Erróseturs og samlegð við núverandi starfsemi á lóðinni í huga. Tillagan sem skipulagsnefnd tók til afgreiðslu á síðasta fundi sýnir ekki viðbyggingu Erróseturs. Í því ljósi teljum við ekki forsendur fyrir því að samþykkja að sú tillaga meirihluta skipulagsnefndar að deiliskipulagi á síðasta fundi fari í auglýsingu. Nauðsynlegt er að sú tillaga sem verður auglýst sýni öll þau mannvirki og þá starfsemi sem fyrirhuguð er og gefa þannig íbúum samfélagsins tækifæri á að segja sína skoðun á skipulagi lóðarinnar og framtíðaráformum. Til að íbúar geti myndað sér upplýsta skoðun á tillögunni er nauðsynlegt að greinargerð varðandi samlegðaráhrif menningar- og þekkingarseturs, grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, bókasafns og íþróttamiðstöðvar fylgi með auglýsingunni. Ásamt því að tilgreindar séu stærdir leiksvæða og byggingarmagn á lóðinni með samanburði við t.a.m. núverandi leiksvæði leik- og grunnskóla. Við höfnum því afgreiðslu meirihluta skipulagsnefndar. Við leggjum til að skipulagsfulltrúa verði falið að koma í auglýsingu tillögu sem sýnir fyrirhuguð mannvirki á lóðinni og útbúa greinargerð um málið. Oddviti ber tillögunu upp til atkvæða; HGÁ, AH og EBH samþykkja tillögunu.

BG og RÞG taka undir afgreiðslu meirihluta skipulagsnefndar.

4. 1901004 – Læknisreit – DSK breyting til auglýsingar.

Fram er lögð deiliskipulagsbreyting fyrir „Læknisreit“ þar sem 2 einbýlishúsalóðum er breytt í 2 fjölbýlishúsalóðir skv. meðf. uppdrætti frá Landmótun.

„Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillögunu skv. 41. gr. sömu laga.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

5. 1701015 – Áfangastaður í Eldhrauni – DSK breyting til auglýsingar.

Fram er lögð breyting á deiliskipulagi fyrir áfangastað í Eldhrauni skv. meðf. uppdrætti frá Landmótun.

„Skipulagsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillögunu skv. 41. gr. sömu laga.“

Handwritten signatures and initials:
BVG
4671
AJH
Rla
BVG



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

6. 2101001 – Endurauglýstar skipulagstillögur til afgreiðslu.

Skipulagstillögurnar voru endurauglýstar frá og með 21.janúar til og með 4.mars 2021. Engar athugasemdir bárust en umsagnir frá UST, HSL, MÍ og Vegagerðinni bárust.

Breyting á aðalskipulagi í Hrífunesi, L163371

„Skipulagið var lagfært skv. umsögn Umhverfisstofnunar, þá sérstaklega hvað varðar röskun birkikjarrs. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Deiliskipulagstillaga fyrir Hrífunes, L163373

„Sett inn helgunarsvæði Hrífunesvegur sem er 15 m og byggingarreitur minnkaður til samræmis. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Deiliskipulagstillaga fyrir Hrífunes, L213047

„Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Deiliskipulagstillaga fyrir Flögu II, L176602

„Skerpt var á texta um fráveitu. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hrífunes, L163371

„Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Geirland, L163570

„Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. 1903004 – Þjónustulóð Hæðargarði – Deiliskipulag til afgreiðslu.

Fram er lagt deiliskipulag af þjónustulóð í Hæðargarði til afgreiðslu. Gögn unnin af ASK Arkitektum.

Deiliskipulagstillagan var auglýst frá og með fimmtudeginum 2.apríl til og með 14.maí 2020. Athugasemdir bárust frá 5 fristundahúsaeygendum við Hæðargarðsvatn auk umsagna frá UST, HSL og Vegagerðinni.

Handwritten signatures and initials:
ASK
HSL
Rbh
Bue



Svör við athugasemdum frístundahúsaeygenda og viðbröð við umsögnum.

Umsagnaraðili / umsögn	Viðbrögð skipulagsnefndar	Ábyrgð
Æsa Sigurjónsdóttir-13.mái 2020		
Mótmælir deiliskipulaginu. Því er mótmælt að verið sé að breyta frístundarlóð í verslunar- og þjónustusvæði. Telur að aukið byggingarmagn leiði af sér meiri ágang á svæðið og aukna umferð og ágang á náttúru. Telur að skipulagið sé ekki í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og hlutverk sveitarfélagsins sem segist ætla að vera í fararbroddi í umhverfis- og loftslagsmálum á landsvísu með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi.	Skipulagsnefnd þakkar fyrir athugasemdina en getur ekki tekið undir að verið sé að breyta frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði. Mestur hluti svæðisins sem deiliskipulagið nær til var áður opið – og óbyggtsvæði og liggur við Þjóðveg 1. Innan deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir rafhleðslustöðum sem er m.a. vel í samræmi við markmið 13 Aðgerðir í loftslagsmálum í Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna.	
Guðjón Kristleifsson og Kristleifur Einarsson-13.mái 2020		
List ekki vel á þessa framkvæmd. Telur að ekki sé borin virðing fyrir náttúrunni og sumarhúsaeygendum. Spyr af hverju þetta skipulag hafi ekki farið í umhverfismat og að ef til komi að þessi breyting hafi vond áhrif á sumarhúsasvæðið, verði því mætt með kröfu um umbætur og umhverfisáhrif.	Tillagan fór ekki í umhverfismat þar sem framkvæmdin er ekki háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Sveitarfélagið telur sig hafa gert nokkra hluti til þess að lágmarka að þessi framkvæmd hafi áhrif á sumarbústaðahverfið svo sem með því að afmarka opið svæði á milli verslunar- og þjónustusvæðis og frístundabyggðar.	
Sigurlaug J Sigurðardóttir og Guðni Olgeirsson-11.mái 2020		
Mótmæla deiliskipulaginu. Telja að það hafi neikvæð áhrif á sýnd svæðisins og umferð og mótmæla því að gert sé ráð fyrir göngustíg að Hæðargarðsvatni, vilja fremur að þjónustusvæðið verði afgirt til að hindra umferð ferðamanna um svæðið. Telja að verið sé að ráðast á viðkvæmt lífríki og sérstakt að nýta þetta svæðið eins og það sé skortur á öðru landi í sveitarfélaginu til slíkra nota.	<i>Í dag er skilgreind gönguleið meðfram Hæðargarðsvatni sem íbúar Skaftárhrepps nýta sér til útivistar og er tenginn inn á aðra stíga sem ná m.a. að Gluggaskeri í Landbrotshólum og því mikilvægt útivistarsvæði. Bent er á að þetta er svæði sem liggur meðfram Þjóðvegi 1.</i>	
Helgi Gunnarsson og Sigríður Gunnarsdóttir-14.mái 2020		
Mótmæla deiliskipulaginu. Telja að þjónustumiðstöð samræmist ekki markmiðum frístundabyggðar og að skipulagið muni valda ónæði, röskun og hávaðamengun og sé of nálægt frístundabyggð. Einnig að fyrirhuguð starfsemi geti valdið verulegri röskun á lífríki og umhverfi Hæðargarðsvatns er varði fuglalíf.	Í aðalskipulagbreytingu fyrir svæðið er afmarkað opið svæði á milli frístundabyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis til þess að lágmarka ónæði sem gæti mögulega fylgt verslunar- og þjónustureitnum. Svæðið liggur meðfram Þjóðvegi 1 sem er ekki ákjósanlegt svæði fyrir fugla.	

Handwritten signatures and initials:
 [Signature]
 AOH
 HGA
 RKR
 BVA



Ketill Sigurjónsson - 12. maí 2020		
<p>Gerir athugasemdir við skipulagstillögu. Telur að hún valdi ónæði og raski, rjúfi friðsæld og að hætta verði á átroðningi og gróðurskemmdum á viðkvæmu svæði. Tryggja verði sem minnst rak og ónæði með því að girða af verslunar- og þjónustulöð. Einnig þarf að huga betur að inn- og útkeyrslu og æskilegt að umferð fari inn á Meðallandsafleggjara og inn- og útakstur fari um hringtorg Suðurlandsvegur.</p>	<p><i>Sveitarfélagið telur ekki það vera til fegrunar á svæðinu að girða af verslunar- og þjónustulöðina enda spurning hvort að sú aðgerð myndi skila einhverju fyrir umferð fólks. Sveitarfélagið vill líka benda að að Hæðargarðsvatn og nágrenni þess er mikilvægt útivistarsvæði fyrir íbúa Skaftárhrepps og tengist inn á fleiri gönguleiðir. Vegtengingar í deiliskipulaginu hafa verið unnar í nánú samstarfi við Vegagerðina og valdar með umferðaröryggi í huga.</i></p>	
Umhverfisstofnun - 12. maí 2020		
<p>UST bendir á að innan skipulagssvæðis er nútímahraun Landbrotshraun sem fellur undir 61.mgr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Fjalla þurfi um hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask á því og betur þurfi að rökstyðja þá ákvörðun að fara inn á hraunið í samhengi við að skoðaðir hafa verið aðrir valkostir og ástæða þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.</p> <p>Bent er á mikilvægi valkostagreiningar þar sem verndargildi hraunsins séu metin og hvernig tekið sé tillit til jarðmyndanna. Við útgáfu framkvæmdarleyfis þurfi að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum valkostum og að þeir hafi verið skoðaðir og einnig skal gera grein fyrir mótvægisáðgerðum. Þá er jafnframt bent á að sveitarstjórn er heimilt að binda leyfi ákveðnum skilyrðum til að draga úr áhrifum framkvæmda á náttúru.</p> <p>Bent er á að innan svæðisins er að finna vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi (sjá vistgerðarkort NÍ) og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Fjalla þurfi um áhrif tillögunnar á náttúru og hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask.</p> <p>Bent er á að innan svæðisins er að finna mikilvægt fuglasvæði og fjalla þurfi um áhrif tillögunnar á fuglasvæðið og hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask.</p>	<p>Sveitarfélagið er meðvitað um verðmæti Landbrotshrauns bæði hvað varðar vistgerðir og fuglalíf og miðast lögun og umfang landnýtingarinnar að því. Deiliskipulagssvæðið er í jaðri hraunsins og er á röskuðu svæði við þjóðveginn. Skerpa þarf á í deiliskipulagstillögunna hvaða leiðir verði farnar til að forðast rask á því.</p> <p>Ekki er talið að sé verið að raska sýnilegum jarðmyndun, lagt er til að skerpt verð á texta í deiliskipulaginu.</p> <p><i>Bæta þarf umfjöllun um vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi inn í deiliskipulagið og fjalla um áhrif tillögunnar á þau.</i></p> <p><i>Deiliskipulagssvæðið er í jaðri fuglaverndarsvæðis sem nefnist Landbrot-Meðalland og liggur við þjóðveg 1. Lagt er til að bætt verði við í deiliskipulaginu umfjöllun um það.</i></p>	
Vegagerðin -		
<p>Gerir ekki athugasemd en bendir á að heimild þarf til að tengja vegi og framkvæmda inna veghelgunarsvæða.</p>		<p><i>Ekki þörf á viðbrögðum</i></p>

KBF
Hgrá
RPR
BVG



„Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með teknu tilliti til umsagnar Umhverfisstofnunar og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

10. 2103026 – Veiðifélag Skaftártungumanna – Lóðir á fjöllum.

Sigfús Sigurjónsson fh. Veiðifélags Skaftártungumanna kt. 620801-2750 óskar eftir að gengið verði frá lóðum í kringum veiðihús og gangamannakofa á Skaftártunguafretti sjá nánar í meðfylgjandi bréfi.

„Skipulagsnefnd tekur afar vel í erindið en vísar málinu til úrvinnslu hjá vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulags 2020-2032“

Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni og vísar málinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags 2020-2032

11. 1912005 - Zephyr Iceland ehf. – Grenndarkynning vegna vindrannsóknna.

Ein athugasemd barst frá Ríkiseignum.

„Skipulagsnefnd veitir eins árs stöðuleyfi fyrir rannsóknarmastri í landi Syðri-Fljóta og Slýja..“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi. Bjarki Guðnason varaoddviti tekur við stjórn fundarins.

12. 2010003 - Kindargata 7 – Grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulagi

Þrjár athugasemdir bárust frá aðliggjandi lóðarhöfum.

„Skipulagsnefnd samþykkir breytingartillöguna og beinir því til sveitarstjórnar að hún fái málsmeðferð í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.

14. 2012002 - Ljótastaðir – Grenndarkynning vegna skógræktaráforma

Engar athugasemdir bárust.

„Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt að Ljótastöðum. Skipulagsnefnd hvetur framkvæmdaðila til að nota íslenskar trjátegundir til skógræktar vegna áhrifa á vistkerfi svæðisins og verndunar lífræðilegrar fjölbreytni.“

Handwritten signatures and initials: *BOZ*, *HGA*, *AKH*, *RKG*



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Heiða Guðný kemur aftur til fundarins.

16. 2103030 – Orkufjarskipti hf., framkvæmdaleyfisumsókn vegna ljósleiðara.

Benedikt Haraldsson fh. Orkufjarskipta hf., Krókhálsi 5c, 110 Rvk, kt. 561000-3520 óskar eftir framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins vegna ljósleiðara skv. meðf. gögnum.
„Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. Fundargerð 76. fundar ípróttá- og tómstundaneftndar, dags. 04.03.2021

1) Ípróttá og tómstundarnefnd var falið að tilnefna í ungmennaráð Skaftárhrepps. Um er að ræða þriggja manna ráð. Nefndin tilnefnir Heiðrúnu Hrund Siguðrardóttur og Mariönnu Katrínu Bjarkadóttur. Formanni falið að finna einn áhugasaman aðila til viðbótar.

Sveitarstjórn býður ungmennaráð velkomið til starfa og staðfesta tilnefningu nefndarinnar ásamt tilnefningu Svövu Margrétar Sigmarsdóttur. Sveitarstjóra falið að kalla ráðið á fund til að fara yfir helstu verkefni ráðsins.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. Fundargerð 11. fundar vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags, dags. 23.02.2021

3. ASK 2020-2032- Þéttbýlisuppdráttur

Margrét fór yfir uppdráttinn. Framtíðar miðbæjarhugmynd. Þróun íbúðasvæða og annarra svæða. Aðgengi að ípróttasvæði. Breytingar á gatnakerfi. Laugarvegur lagður af og nýr vegur neðan Félagsheimilis og nær Skaftá sem nýttist sem vegur og vörn. Skólalóðin rædd, mikilvægt að huga a rými fyrir alla á lóð, leita jafnvægis. Viðbyggingaráform rædd. Rætt um hverfisvernd á eldri hluta þorpsins. Rætt um frístundabyggðina í Hæðargarði sem tekin hefur verið út fyrir þéttbýlið á nýjustu tillögu Landmótunar. Sveitarstjórn þarf að taka afstöðu til rekstrarleyfisheimilda innan þessa hverfis, hvaða þjónustu skal veita og eins fordæmis gefandi breytingar skipulags og skilmála fyrir aðrar frístundabyggðir í sveitarfélaginu.

Oddviti leggur til fundarhlé kl. 16:06-16:24

Sveitarstjórn felur vinnuhóp um endurskoðun aðalskipulags að koma með tillögur að útfærslu á mögulegum heimildum til útgáfu rekstrarleyfa í frístundabyggðum í sveitarfélaginu.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2002010 Yfirdráttarheimild framlenging

Handwritten signatures and initials:
Kjartan
AM
16.03
Rbch
BVG



Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að veita sveitarstjóra Söndru Brá Jóhannsdóttur kt. 240179-2969 heimild til að sækja um framlengingu yfirdráttarheimildar að upphæð 30 milljónir.

2. 1903017 Erindi um málefni og eignarhald félagsheimilisins Tungusels, dags. 09.03.2021
Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar erindið og samþykkir að afsala þeim félögum sem talin eru upp í erindinu eignarhluta sínum. Sveitarstjórn óskar stjórnunum góðs gengis og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.
3. 2101008 Nefndir, ráð og stjórnir
*Sveitarstjórn tilnefnir Erlu Þóreyju Ólafsdóttur sem aðalmannt í Íþrótt og tótmstundanefnd í stað Guðmundar Fannars Markússonar. Guðmundi Fannari eru þökkuð störf sín í þágu nefndarinnar.
Sveitarstjórn tilnefnir Önnu Sigríði Bjarnadóttur sem aðalmannt í Jafnréttisnefnd og Jónu Björk Jónsdóttur sem varamann.
Þórdísi Bjarnleifsdóttur er þökkuð störf sín í þágu sveitarfélagsins.
Félag eldri borgara hefur tilnefnt Hilmar Gunnarsson sem aðalmannt í öldungaráð og Júlíus Oddsson sem varamann félagsins.*
4. 1809005 Félagsheimilið Kirkjuhvoll. Formaður menningarmálanefndar, dags. 16.02.2021
Sveitarstjórn þakkar formanni menningarmálanefndar fyrir erindið og felur sveitarstjóra að skoða með nefndinni hvernig aðkoma hennar að menningarmálaviðburðum í Kirkjuhvoli gæti farið fram með tilliti til núverandi notkunar.
5. 1906007 Tilraunaverkefni í úrgangsmálum – staða og næstu skref
*Sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa falið að útbúa verðfyrirspurn í samræmi við þær tillögur sem koma fram í minniblaði sem liggur fyrir fundinum.
Bjarki Guðnason lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi.*
6. Stefna á hendur Skaftárhrepps vegna ólögmetrar höfnunar á umsókn um kennarastöðu. Mörkin lögmannstofa, dags. 08.03.2021
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps felur Antoni B. Markússyni hrl varnir sveitarfélagsins í málinu fyrir Héraðsdómi Suðurlands.
Bjarki Guðnason kemur aftur til fundarins.*
7. 1606015 Ísland ljóstengt – styrkur
Skaftárhreppi býðst styrkur úr Ísland ljóstengt að upphæð 2,4 milljónir. Sveitarstjórn mun þiggja styrkinn og sveitarstjóra falið að ljúka málinu.
8. Innheimtusamningur Motus.
Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

Handwritten signature

Handwritten initials

Handwritten initials: H6rj R1e2

Handwritten initials: ÞVG



III. Fundargerðir til kynningar

1. 102. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps dags. 04.03.2021. *Fundargerð kynnt.*
2. 85. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu dags. 25.02.2021. *Fundargerð kynnt.*
3. 895. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26.02.2021. *Fundargerð kynnt.*
4. 175. fundur fræðslunefndar, dags. 03.03.2021. *Fundargerð kynnt.*
5. 93. og 94. fundur svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. *Fundargerðir kynntar.*
6. Aukaaðalfundur Hulu bs. 20.01.2021. *Fundargerð kynnt.*
7. Stjórnarfundur Hulu bs. 20.01.2021. *Fundargerð kynnt.*
8. 50. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 19.01.2021. *Fundargerð kynnt.*
9. Verkfundir 16-20 vegna uppbyggingar þekkingarseturs. *Fundargerðir kynntar.*
10. 210. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 12.03.2021. *Fundargerð kynnt.*


IV. Annað kynningarefni

1. Stöðuskýrsla nr. 11 til ráðgefandi aðila. Félagsmálaráðuneytið dags. 05.03.2021. *Kynnt.*
2. 1710006 Afturköllun rekstrarleyfis Prestsbakki farm. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 03.03.2021. *Kynnt.*
3. 2103035 Ástarbraut styrkur úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Ferðamálastofa, dags. 05.03.2021. *Kynnt.*
4. Leikskólakennaranám. Háskóli Íslands, dags. 08.03.2021. *Kynnt.*
5. Leigufélagið Briet. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 10.02.2021. *Kynnt.*
6. Tilkynning um staðgreiðslu sveitarfélaga 2020 og uppgjör. Fjármála- og efnahagsráðuneytið, dags. 24.02.2021. *Kynnt.*
7. Breyting 20. gr. í reglugerð 1212/2015. *Kynnt.*


Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 15. apríl 2021

Fundi slitið kl. 17:50


Eva Björk Harðardóttir


Heiða Guðný Ásgeirsdóttir


Bjarki Guðnason


Rúnar Þorri Guðnason


Arndís Harðardóttir